

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 5. júní 2003.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur,

Helga Bragadóttir.

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um útgáfu húsbréfa á árinu
2001 fyrir Íbúðalánasjóð nr. 231/2001.**

1. gr.

Heiti reglugerðarinnar verður:

Reglugerð um útgáfu húsbréfa á árunum 2001, 2002 og 2003 fyrir Íbúðalánasjóð.

2. gr.

3. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar hljóði svo:

Samanlögð fjárhæð samþykkttra skuldabréfaskipta úr 1. og 2. flokki 2001 ásamt 1. og 2. flokki 1998 skal ekki fara umfram 92.300 milljónir króna á árunum 2001, 2002 og 2003 m.v. reiknað markaðsvirði húsbréfanna.

3. gr.

Í stað orðanna „vaxtalögum nr. 25/1987“ í 1. málsl. 4. gr. reglugerðarinnar kemur: lögum um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001.

4. gr.

3. málsl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar hljóði svo:

Húsbréfaflokkunum skal lokað eigi síðar en 15. september 2004.

5. gr.

Í stað orðanna „laga um tekjuskatt og eignarskatt nr. 75/1981“ í 9. gr. reglugerðarinnar kemur: laga um tekjuskatt og eignarskatt nr. 90/2003.

6. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 24. gr. og 29. gr. laga nr. 44/1998 um húsnæðismál, öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 6. júní 2003.

Árni Magnússon.

Óskar Páll Óskarsson.